# Jafnrétti í framsókn

### 3. landsþing LFK haldið að Varmahlíð í Skagafirði 4.-6. sept. 1987.


Elísabet Söderström vara-form. miðflokks kvenna í Svíþjóð


Steingrímur utanríkisráðherra


Guðmundur heilbrigðisráðherra


Valgerður alþingismaður


Þórunn varaform. S.U.F.


Anne Lise Folsvik formaður kvenna-samt. norska miðflokksins


Sigurður framkvæmdastj. Framsóknarfl.


Þrúður Framboðsmál


Unnur Starf og stefna LFK


Ásta Ragnheiður Hollustustefna neyslustefna


Þórdís Ferðamála-stefna


Magdalena Umhverfismál


Ingibjörg Launajöfnuður Jafnréttismál


Guðlaug Byggðamál


Ólafía Atvinnumál


Ragnheiður Stjórnmálaályktun


Guðrún J. flokksmál

## Dagskrá Landsþingsins

**Föstudagur 4. sept.**

Kl. 14.00 Rútuferð frá Reykjavík
Kl. 21.30 Komið í Varmahlíð
Kynning „þjófstart" í umsjón Félags framsóknarkvenna í Reykjavík.

**Laugardagur 5. sept.**

Kl. 07.00 Sund
Kl. 08.00 Morgunverður
Kl. 09.30 Þingsetning, Unnur Stefánsdóttir form. LFK. Kjör embættismanna þingsins.
Skýrsla stjórnar.
Kl. 10.45 Kaffihlé
Kl. 11.00 Ávörp gesta
Kl. 11.30 Erlendir fyrirlesarar
Kl. 12.30 Matarhlé – Meistarar fjallalambsins kynna nýjungar
Kl. 14.30 a) Drög að ályktunum lögð fyrir þingið:
Umræður um drögin
Kl. 15.30 b) Lagabreytingar – umræða – afgreiðsla
Kl. 15.45 Kaffihlé
Kl. 16.00 Umræðuhópar starfa
Kl. 18.00 Útivist – skokk – sund – gönguferðir – hestaleiga – gufubað
Kl. 20.00 Kvöldverður á Sauðárkróki í boði Kaupfélags Skagfirðinga
Kvöldvaka í umsjón kvenna í N-Vestra.

**Sunnudagur 6. sept.**

Kl. 08.00 Sund
Kl. 08.30 Morgunverður
Kl. 09.30 Kosningar
Kl. 10.00 Umræðuhópar skila áliti – umræður
Kl. 12.00 Matarhlé – hádegisverður í boði Framsóknarfélaganna á Siglufirði
Kl. 14.00 Umræðum framhaldið og afgreiðsla mála
Kl. 15.00 Þingslit.

**Stjórnin**

## DAGBÓK


Septem-hópurinn '87. (Tímamynd Brein)

### Kjarvalsstaðir: Septem '87

Septemhópurinn opnar sýningu á Kjarvalsstöðum í dag, laugardaginn 5. sept. kl. 14:00.

Í Septem-hópnum eru: Guðmunda Andrésdóttir, Guðmundur Benediktsson, Hafsteinn Austmann, Jóhannes Jóhannesson, Kristján Davíðsson og Valtýr Pétursson.


Vilhjálmur Bergsson við tvö verk sín. (Tímamynd Brein)

### Norræna húsið: Sýning Vilhjálms Bergssonar

Vilhjálmur Bergsson opnar sýningu í Norræna húsinu í dag, laugard. 5. sept. kl. 14:00.

Á sýningunni verða 47 myndir: 23 olíumálverk, 15 vatnslitamyndir og 9 blýants- og kolteikningar.

Sýningin verður opin daglega kl. 14:00-22:00, einnig um helgar. Sýningunni lýkur 20. september.


Gestur og Rúna ásamt verkum sínum. (Tímamynd Pjetur)

### Gallerí Borg: Gestur og Rúna 3.-15. sept.

Í Gallerí Borg við Austurvöll stendur yfir sýning á verkum eftir Gest og Rúnu. (Gest Þorgrímsson og Sigrúnu Guðjónsdóttur).

Gestur sýnir höggmyndir en Sigrún veggmyndir unnar á glerflísar og teikningar. Þetta eru allt nýleg verk.

Sýning þeirra er opin virka daga kl. 10:00-18:00 og kl. 14:00-18:00 um helgar. Sýningunni lýkur 15. september.

## Ferðafélag Íslands

### Dagsferðir F.Í. sunnud. 6. sept.

**1. Kl. 09:00 – Svartagil – Hvalvatn – Botnsdalur.**

Fyrst er ekið að Svartagili í Þingvallasveit og síðan gengið þaðan meðfram Botnssúlum, Hvalvatni og í Botnsdal. (800 kr.)

**2. Kl. 13:00 Glymur í Botnsá** (198 m) – Ekið að Stóra-Botni í Botnsdal, síðan gengið upp með Botnsá að Glym, sem er hæsti foss landsins. (600 kr.)

Brottför frá Umferðarmiðstöðinni austanmegin. Farmiðar við bíl. Frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna.

**Dagsferðir til Þórsmerkur** verða sunnud. 13. sept. og sunnud. 20. sept (1000 kr.) Dvalið í
um 3 1/2 klst. í Þórsmörk og farnar gönguferðir.

**Ferðafélag Íslands**

## Ýmislegt

### Háskólafyrirlestur „What's Wrong with English"

Breski hljóðfræðingurinn dr. John C. Wells flytur opinberan fyrirlestur í boði heimspekideildar Háskóla Íslands mánud. 7. sept. kl. 20:30 í stofu 101 í Odda.

Fyrirlesturinn nefnist „What's Wrong with English" og verður fluttur á ensku.

Dr. Wells er að aðalstarfi kennari í almennri hljóðfræði við University College í Lundúnum. Hann var ritstjóri tímarits Alþjóða hljóðfræðifélagsins, Journal of the IPA og hefur skrifað bækur um hljóðfræði. Að ári er væntanleg eftir hann stór ensk framburðarorðabók.

Fyrirlesturinn er öllum opinn.

### Gildran í H-100 á Akureyri

Nú er hljómsveitin Gildran stödd á Akureyri, en hljómsveitarmeðlimir hafa verið með tónleika í Reykjavík, þar sem þeir hafa kynnt efni af plötu sinni „Huldumenn".

Hljómsveitin Gildran mun leika í H-100 föstudags- og laugardagskvöld 4. og 5. september.

### Námskeið í morsi og radíótækni

**Vilt þú ná langt ??**

Radíóamatörar ná daglega um allan heim.

Námskeið í morsi og radíótækni til nýliðaprófs radíóamatöra byrjar 9. september n.k.

Nú geta allir lært mors, ný og skemmtileg aðferð notuð.

Ertu þreytt(ur) á poppstöðvunum... ? Nýtt námskeið í stuttbylgjuhlustun byrjar einnig í dag, fimmtud. 3. september . Skráning í síma 31850 næstu dag kl. 17:00-19:00

### Kvenfélag Neskirkju

Hársnyrting og fótsnyrting fyrir aldraða hefst aftur eftir sumarfrí miðvikudaginn 9. september nk. í Safnaðarheimili Neskirkju.

### Ásgrímssafn

Frá 1. september verður opnunartími Ásgrímssafns á sunnudögum, þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13.30-16.00.

### Breyting á opnunartíma Árbæjarsafns

Árbæjarsafn er opið um helgar í septembermánuði kl. 12-30-18.00.

### Sunnudagsferðir Útivistar 6.sept.

**Kl. 08:00 Þórsmörk** – dagsferð. Stansað í 3-4 tíma í Mörkinni (1000 kr.)

**Kl. 10:30 Klóarvegur – Villingavatn** Gengin gamla þjóðleiðin frá Hveragerði í Grafning (700 kr.)

**Kl. 13:00 Grafningur – Hagavík** Berjaferð og létt ganga um fjölbreytt land sunnan Þingvallavatns. (600 kr.)

Frítt fyrir börn í fylgd með fullorðnum í ferðirnar. Brottför er frá BSÍ, bensínsölu.

## Minningarkort

Minningarkort Safnaðarfélags Áskirkju hafa eftirtaldir aðilar til sölu:
Þuríður Ágústsdóttir,
Austurbrún 37, sími 681742.
Ragna Jónsdóttir,
Kambsvegi 17, sími 82775.
Þjónustuíbúðir aldraða,
Dalbraut 27.
Helena Halldórsdóttir,
Norðurbrún 1.
Guðrún Jónsdóttir,
Kleifarvegi 5, sími 681984.
Holtsapótek,
Langholtsvegi 84.
Verslunin Kirkjuhúsið,
Klapparstíg 27.

Þá gefst þeim, sem ekki eiga heimangengt, kostur á að hringja í Áskirkju, sími 84035 milli kl. 17.00 og 19.00 á daginn og mun kirkjuvörður annast sendingu minningarkorta fyrir þá sem þess óska.

## Kirkja

### Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudag 6. september 1987

**Árbæjarkirkja**
Messuferð kirkjukórs Árbæjarsóknar verður farin til Þingeyra í Húnaþingi sunnudag 6. sept. Kórinn syngur við guðsþjónustu í Þingeyrakirkju k. 14 ásamt kirkjukór Þingeyrasóknar. Organleikari Jón Mýrdal. Sóknarprestur Árbæjarprestakalls prédikar og sr. Árni Sigurðsson sóknarprestur á Blönduósi þjónar fyrir altari. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

**Áskirkja**
Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

**Breiðholtsprestakall**
Guðsþjónusta í Breiðholtsskóla kl. 11. Organisti Daníel Jónasson. Sr. Gísli Jónasson.

**Bústaðakirkja**
Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Jónas Þórir. Prestur sr. Ólafur Jens Sigurðsson. Æskulýðsfundur þriðjudagskvöld. Sóknarnefndin.

**Dómkirkjan**
Messa kl. 11. Dómkórinn syngur. Organleikari Marteinn Hunger Friðriksson. Leikið verður á orgel kirkjunnar í 20 mín. áður en messan hefst. Sr. Þórir Stephensen.

**Elliheimilið Grund**
Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Gylfi Jónsson.

**Fella- og Hólakirkja**
Guðsþjónusta kl. 11. Ragnheiður Sverrisdóttir djákni messar. Organisti Guðný Margrét Magnúsdóttir. Sr. Hreinn Hjartarson.

**Fríkirkjan í Reykjavík**
Fyrsta barnaguðsþjónustan á þessu hausti kl. 11. Guðspjallið í myndum. Barnasálmar og smábarnasöngvar. Afmælisbörn boðin sérstaklega velkomin. Framhaldssaga. Við píanóið Pavel Smid. Sr. Gunnar Björnsson.

**Grensáskirkja**
Messa kl. 11. Organisti Árni Arinbjarnarson. Sr. Halldór S. Gröndal.

**Hallgrímskirkja**
Messa kl. 11. Altarisganga. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Þriðjudag: Fyrirbænamessa kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum.

**Landspítalinn**
Messa kl. 10. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

**Háteigskirkja**
Messa kl. 11. Organisti Orthulf Prunner. Sr. Arngrímur Jónsson.

**Kópavogskirkja**
Messa í Kópavogskirkju kl. 11 árdegis. (Altarisganga) Sr. Árni Pálsson.

**Langholtskirkja**
Kirkja Guðbrands biskups. Guðsþjónusta kl. 11. Einsöngur: Harpa Harðardóttir, við undirleik Áshildar Haraldsdóttur á flautu. Prestur sr. Sig. Haukur Guðjónsson. Organisti Jón Stefánsson. Sóknarnefndin.

**Laugarneskirkja**
Minni á guðsþjónustu í Áskirkju kl. 11 árdegis sunnudag. Sóknarprestur.

**Neskirkja**
Guðsþjónusta kl. 11. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Miðvikudag: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.

**Seljasókn**
Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Sighvatur Jónasson. Prestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir.

**Fríkirkjan í Hafnarfirði**
Guðsþjónusta kl. 14. Orgel- og kórstjórn Örn Falkner. Einar Eyjólfsson.

**Víðistaðasókn**
Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Sigurður Helgi Guðmundsson.